



Meistaránám Stjórnun og stefnumótun



MS nám í stjórnun og stefnumótun er í senn bæði fræðilegt og hagnýtt. Áhersla er lögð á fræðilega þekkingu á sviði forystu og stjórnunar skipulagsheilda og hagnýtingu hennar. Námið miðar að því að nemandinn öðlist góðan skilning á kenningum um stjórnun og skipulagsheildir og tileinki sér færni bæði við

rannsóknir og hagnýtingu á fræðunum. Lagt er kapp á að námið sé góður undirbúningur fyrir stjórnunarstörf hjá fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum. Í náminu er lögð áhersla á fjölbreytta kennslu og námsmat, m.a. með notkun dæmisagna, tímaverkefna og margskonar raunverkefna.

Í meistaranámi í stjórnun og stefnumótun fara nemendur í gegnum kenningar á breiðum grundvelli allt frá kenningum um einstaklinga sem frumkvöðla, yfir í kenningar um stjórnun, stefnumótun og loks kenningar um skipulagsheildir og umhverfi þeirra. Þá veita aðferðafræðinámsskeið undirbúning undir söfnun ganga og ákvarðanatöku. Nemendur eru því, eftir námið undirbúningur undir flesta þá þætti sem felast í verkefnum stjórnenda.

Í meistaranámi í stjórnun og stefnumótun er gengið út frá því, að nemendur sýni strax í upphafi náms sjálfstæði og gagnrýna hugsun í vinnubrögðum. Skipuleggi vinnu sína og tíma og standi við þær tímaáætlanir sem námið setur þeim.

Fyrir hverja er námið? Inntökuskilyrði

Viðskiptafræðideild býður upp á MS nám í stjórnun og stefnumótun fyrir þá einstaklinga sem lokið hafa fyrsta háskólaprófi, þ.e. BS eða BA gráðu. Öllum sem hafa slíkt próf er heimilt að sækja um og miðað við að umsækjendur hafi lokið grunnnámi í háskóla með fyrstu einkunn (7.25). Þeir sem ekki hafa BS/BA í viðskiptafræði eða hagfræði í grunnnámi sínu þurfa þó við upphaf námsins að ljúka undirbúningsnámskeiðinu VÍÐ155M Inngangur að rekstri.

Mikilvægt er að nemendur hafi lokið grunnnámskeiðum í vísindalegum vinnubrögðum, s.s. aðferðafræði og tölfræði.

Námsáætlun

Nemendur verða að ljúka 10 námskeiðum, samtals 60 e. og skila MS ritgerð að lágmarki 30 e. til þess að ljúka námi.

Misseri 1 - Haust	Misseri 2 - Vor	Misseri 3 - Haust
<ul style="list-style-type: none">• Þættir í eiginlegri aðferðafræði• Skipulag og atferli• Samkeppnishæfni*• Forysta og leiðtögin• Þekkingarstjórnun (bundið val)• Verkefnastjórnun I (bundið val)	<ul style="list-style-type: none">• Stefnumiðuð stjórnun• Rannsóknir og tölfræði• Breytingastjórnun (bundið val)• Stjórnun nýsköpunar (bundið val)	<ul style="list-style-type: none">• MS ritgerð

* Er kennt í samstarfi við Institute for Strategy and Competitiveness, Harvard Business School.

Valnámskeið í Viðskiptafræðideild

- Stefnumiðuð samfélagsábyrgð fyrirtækja
- Mat á árangri og framkvæmd stefnu
- Samvinna og árangur
- Stjórnun og stefnumótun vaxtarfyrirtækja
- Greining ársreikninga
- Alþjóðaviðskipti
- Sáttamiðlun
- Samskipti á vinnumarkaði
- Viðskiptasiðferði
- Opinber stjórnsýsla

Umsjón

Margrét Sigrún Sigurðardóttir, lektor, mss@hi.is.

Nánari upplýsingar um námið veitir Þórunn Björg Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri (thbg@hi.is).

